

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 16. ágúst 2021
UST202103-060/G.S.Á.
08.06.02

Lokaskýrsla vegna lokunar olíubirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. við Hafnargötu 3A, Fáskrúðsfirði.

Umhverfisstofnun barst þann 22. júní sl. lokaskýrsla Olíudreifingar ehf. vegna lokunar olíubirgðastöðvar Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði. Skv. ábendingu sem gerð var í eftirliti þann 6. september 2018, var farið fram á að rekstraraðili geri lokaskýrslu um framkvæmdina og sendi til stofnunarinnar, þar sem fjallað er um árangur af aðgerðum og viðskilnað við svæðið.

Engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá því í janúar 2017 og skv. útfylltum lista EB 4.2.6.2 úr rekstrarhandbók rekstraraðila, sem sendur var stofnuninni með lokunarskýrslunni, kemur fram að allir geymar í stöðinni hafi verið tómir frá því í janúar 2017 og að þeir hafi verið hreinsaðir skv. verklagi rekstraraðila. Í lokaskýrslunni kemur fram að geymar stöðvarinnar hafi verið rifnir af Loðnuvinnslunni en heimild til þess var veitt af Fjarðabyggð þann 6. mars 2017. Ekki var um að ræða olíumengun í jarðvegi á lóðinni enda olíuskiljur í góðu ástandi frá byggingu stöðvarinnar og allt til loka starfseminnar. Umhverfisstofnun barst tilkynning frá rekstraraðila um lok niðurrifs á lóðinni í tölvupósti þann 10. mars 2017.

Umhverfisstofnun samþykkir lokaskýrslu rekstraraðila um frágang lóðarinnar áætlunina. Lóðin hefur verið metin hæf til afhendingar og stöðinni lokað með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri